

# FUNDUR SAMRÁÐSHÓPS SSH UM VELFERÐARMÁL

**Staður:** Microsoft Teams.

**Stund:** Miðvikudagur 9.júní 2021 kl. 8:30- 10.00.

**Viðstaddir:** Rannveig Einarsdóttir, formaður og Sjöfn Guðmundsdóttir Hafnarfirði, Guðrún Marinósdóttir Mosfellsbæ, Svanhildur Þengilsdóttir Garðabæ, Baldur Pálsson Seltjarnarnesi, Regína Ásvaldsdóttir Reykjavík og María Ingibjörg Kristjánsdóttir Sambandinu, SG ritaði fundargerð

**Gestir:** Magga Dóra Ragnarsdóttir og Soffía Hjördís Ólafsdóttir undir lið 4.

## Dagskrá:

### 1. Börn með fjölþættan vanda. Lokaskýrsla og viðtal hjá ráðherra.

Skýrslan hefur verið send til stjórnar SSH og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Skýrslan verður til umfjöllunar í velferðarráðum sveitarfélaganna. Fundur um skýrsluna verður með ráðherra þann 24.júní næst komandi. Samkvæmt skýrslu er um tvo hópa að ræða, annars vegar börn með fötlun og hegðunarerfiðleika og hins vegar börn á vegum barnaverndar. Hópurinn skarast og er óljóst hvort að það þurfi að aðgreina þá. Í frumvarpi um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er gert ráð fyrir góðri samvinnu hjá þeim aðilum sem koma að þjónustu við börnin og fjölskyldur þeirra. Sveitarfélögin eru nú að vinna að því að samþætta velferðarþjónustuna skólaþjónustunni. Huga þarf betur að geðheilbrigðismálum barna t.d. með geðteymi fyrir börn.

### 2. Félag heyrnarlausra, erindi.

Erindið barst á síðasta ári og stjórn félags heyrnarlausra kom á fund. Óskað var eftir aðkomu sveitarfélaganna að launum starfsmanns. Einnig var óskað eftir sérhæfðu starfsfólki fyrir heyrnarlausra í þjónustumiðstöðvar Reykjavíkur. Ekki var tekin afstaða til erindisins.

### 3. Starfsárið 2020/2021 – skýrsla formanns.

Formaður fer yfir það helsta sem borið hefur á góma á starfsárinu. Mörg mál hafa verið sett í farveg. Vinnuhópur um atvinnuþátttöku fatlaðs fólks var skipaður en hefur ekki lokið störfum enn. Málið verður skoðað á nýju starfsári. Samráðshópur um velferðarmál telur að samstarfið sé mjög gagnlegt og þarft.

### 4. Verkferlar hjá Neyðarlínunni vegna fólks með flóknar þjónustuparfir.

Neyðarlínan hefur verið með markvissa fræðslu um ofbeldi á heimasíðu sinni. Farið er yfir nýja ferla sem hafa verið í þróun síðan í haust. Samkvæmt nýjum ferlum er samband við lögreglu ekki alltaf besti eða rétti þjónustuaðilinn. Neyðarlínan óskar eftir meiri samvinnu við þjónustuaðila svo hægt sé að koma á meiri samstarfi við skjólstæðingana. Mikil vinna hefur farið fram og leitað eftir lausnum t.d. með skráningu úrræða hjá neyðarlínunni. Verið er að þróa umboð þar sem þarfir notenda eru tengdar við þau úrræði sem í boði er í stað þess að hafa samband við lögreglu. Samkomulagið milli notanda og úrræðis er tímabundið og notandi getur rift hvenær sem er. Hann mótar þjónustuna sem hann kys að fá. Verið er að skoða samvinnu við Akureyri og Reykjanesbæ. Hægt er að nýta kerfið hjá þeim sem búa í sjálfstæðri búsetu og eru með þjónustu. Skapalón fyrir ferilinn er tilbúið, vottað af lögfræðingum og hægt að senda til þeirra sem vilja koma í samstarf.

### 5. Stuðningsfjölskyldur.

Upplýsingar um greiðslur sveitarfélaganna vegna stuðningsfjölskyldna hafa borist. Sveitarfélög eru með mismunandi háar greiðslur fyrir samskonar þjónustu.

*„Sviðsstjórar velferðarsviða á höfuðborgarsvæðinu lýsa yfir vilja sínum til að hækka og samræma upphæðir greiðslna til stuðningsfjölskyldna og vísa í fjárhagsáætlanagerð sveitarfélaganna fyrir 2022.“*

**6. Heimilislausir með fjölþættan vanda.**

Deildarstjórar í Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ hafa unnið að úrlausnum á búsetuvanda fólks með fjölþættan vanda. Þörfin hefur verið greind og metin og lögð er áhersla á að sveitarfélög verði í samvinnu um úrlausni. Fulltrúar Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar lýsa yfir áhuga á að fylgjast með umræðunni.

*„Sviðsstjórar velferðarsviða á höfuðborgarsvæðinu fagna samstarfi sveitarfélaganna um búsetu fyrir heimilislösum með fjölþættan vanda. Lagt er til að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, ráði verkefnastjóra til að vinna að framgangi verkefnisins, þ.m.t. undirbúningi, innleiðingu og framkvæmd. Bókunin skal send til stjórnar SSH til umfjöllunar.“*

**7. Samningur um samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.**

Nýr samningur var kynntur á síðasta fundi samráðshópsins. Umræða um samninginn. Afgreiðslu er frestað til næsta fundar.

**Fundi slitið 10.00**